

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 16/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2007 frá 7. desember 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2007 frá 3. september 2007 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2007 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4ae (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 294/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„4af. **32007 R 1165**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2007 frá 3. september 2007 um gerð vöruskrár EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2007 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtíð. ESB L 268, 12.10.2007, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1165/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 268, 12.10.2007, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.